

Yfirlit yfir skráningu heimilda

Athugið að allar heimildir sem eru í texta séu í heimildaskrá – og öfugt.

Bók eftir einn íslenskan höfund
Bók eftir tvo eða fleiri íslenska höfunda
Þýdd bók
Orðabækur
Bók eftir einn erlendan höfund
Bók eftir tvo erlenda höfunda
Bók eftir þrjá eða fleiri erlenda höfunda
Bók – Höfundur óþekktur
Biblían
Engin dagsetning (e.d.)
Rafbók – Hljóðbók
Kafli í ritverki – Höfundar getið
Safnrit – Höfundar ekki getið
Grein í tímariti – Höfundar getið
Grein í tímariti – Höfundar ekki getið
Rafræn grein í tímariti með DOI-númeri

Bæklingar
Grein í dagblaði – Höfundar getið
Dagblaðsgrein á netinu – Höfundar getið
Dagblaðsgrein á netinu – Höfundar ekki getið
Skýrsla – Höfundar getið
Skýrsla – Höfundar ekki getið
Sjónvarp – Viðtal
Útvarp
Útvarpsefni á netinu
Hlaðvarp (Podcast)
Vefheimild – Höfundar getið
Vefheimild – Höfundar ekki getið
Alfræðisafn – Wikipedia
Alfræðisafn – Höfundar getið
Alfræðisafn – Höfundar ekki getið
Vefsíða stofnunar

Hljóðupptaka – Geisladiskur
Hljóðupptaka – Mynddiskur
Myndefni – Kvikmynd
Tölfræðisöfn – Hagstofan, OECD o.fl.
Lög og reglugerðir
Dómar
Ráðstefna – Fyrirlestur
TED fyrirlestur
YouTube – Myndskeið – Höfundar getið
YouTube – Myndskeið – Höfundar ekki getið
YouTube rás (Channel)
Kvikmyndir – Þættir
Twitter
Facebook – LinkedIn – Tumblr
Instagram
TikTok myndskeið

Blogg
Myndir af netinu – Höfundar getið
Myndir af netinu – Höfundar ekki getið
Námsritgerðir í gagnagrunni
Námsritgerðir ekki í gagnagrunni
Munnlegar heimildir

Gervigreind – ChatGPT

Skammstafanir
Skráning heimilda
Tilvísanir (beinar og óbeinar)
DOI
Frumheimildir
Afleiddar heimildir

Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Bók eftir einn íslenskan höfund	Höfundur. (Ártal). Titill (útgáfunúmer eða bindi ef við á). Útgefandi. Gunnar Þór Bjarnason. (2012). <i>Upp með fánann! Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga</i> . Mál og menning. Gunnar Þór Bjarnason. (2020). <i>Spænska veikin</i> . Mál og menning.	(Gunnar Þór Bjarnason, 2012) (Gunnar Þór Bjarnason, 2020)
Bók eftir tvo eða fleiri íslenska höfunda¹	Nöfn höfunda. (Ártal). Titill (útgáfunúmer eða bindi ef við á). Útgefandi. Á. Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir. (2012). <i>Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara</i> . Iðnú. Friðrik H. Jónsson og Sigurður H. Grétarsson. (2007). <i>Gagnfræðakver handa háskólanemum</i> (4. útg.). Háskólaútgáfan. Marta Konráðsdóttir, Sigríður Hjörleifsdóttir og Sólveig K. Pétursdóttir. (2004). <i>Erfðir og líftækni</i> . Mál og menning.	(Á. Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir, 2012) (Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2007) (Marta Konráðsdóttir o.fl., 2004)
Þýdd bók	Höfundur. (Ártal). Titill (þýðandi). Útgefandi. Ardone, V. (2021). <i>Barnalestin</i> (Halla Kjartansdóttir, þýð.). Mál og menning. Hawkins, P. (2017). <i>Drekkingarhylur</i> (Ingunn Snædal, þýð.). Bjartur. Óvíd (Publius Ovidius Naso). (2009). <i>Ummýndanir : Metamorphoses</i> . (Kristján Árnason, þýð.). Mál og menning.	(Ardone, 2021) (Hawkins, 2017) (Óvíd, 2009)
Orðabækur	Höfundur. (Ártal). Titill (útgáfunúmer eða bindi ef við á). Útgefandi. Vefslóð ef við á Jón Hilmar Jónsson. (2006–2019). <i>Íslenskt orðanet</i> . Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. ordanet.arnastofnun.is Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson. (1982). <i>Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál</i> . Svart á hvítu.	(Jón Hilmar Jónsson, 2006–2019) (Mörður Árnason o.fl., 1982)

¹ Nöfnum höfunda er raðað eins og þau eru á bókarkápu.





Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Bók eftir einn erlendan höfund	Höfundur. (Ártal). Titill. Útgefandi. Vefslóð (eða DOI ef við á) Brandreth, G. (2021). <i>Philip: The Final Portrait</i> . Coronet. Savery, D. C. (2018). <i>Echoism : The Silenced Response to Narcissism</i> . Abingdon. https://doi.org/10.1111/bjp.12598	(Brandreth, 2021) (Savery, 2018)
Bók eftir tvo erlenda höfunda ¹	Nöfn höfunda. (Ártal). Titill. (Útgáfunúmer eða bindi ef við á). Útgefandi. Orsillo, S. M. og Roemer, L. (2016). <i>Worry Less, Live More : The Mindful Way through Anxiety Workbook</i> . Guilford Press.	(Orsillo og Roemer, 2016) ²
Bók eftir þrjá eða fleiri erlenda höfunda ¹	Nöfn höfunda. (Ártal). Titill. (Útgáfunúmer eða bindi ef við á). Útgefandi. Johnson, N. G., Roberts, M. C., og Worell, J. (ritstj.). (1999). <i>Beyond Appearance : A New Look at Adolescent Girls</i> . American Psychological Association.	(Johnson o.fl., 1999)
Bók Höfundur óþekktur	Titill. (Ártal). Umsjónarmaður útgáfu. Útgefandi. Vefslóð ef við á <i>Brennu-Njáls saga</i> . (2004). Jón Böðvarsson (ritstj.). Forlagið. <i>Njála: Saga 1</i> . (e.d.). Sverrir Árnason (ritstj.). https://brennunjalssaga.is/	(Brennu-Njáls saga, 2004) (Sverrir Árnason, e.d.)
Biblían	Nafn (Útg.). (Ártal). Útgefandi. Vefslóð ef við á <i>Biblía 21. aldar</i> . (2007). Hið íslenska biblíufélag. https://biblian.is/ <i>Biblían</i> . (2011). Hið íslenska biblíufélag. JPV útgáfa.	(Biblía 21. aldar, 2007) (Biblían, 2011)
Engin dagsetning (e.d.) Höfundar getið Höfundar ekki getið	Sigurður Breiðfjörð. (e.d.). <i>Chant national d'Islande</i> . Imprimerie de H. Fournier et Ci. <i>New To WordPress – Where to Start</i> . (e.d.). https://codex.wordpress.org/New_To_WordPress_-_Where_to_Start	(Sigurður Breiðfjörð, e.d.) (WordPress.org, e.d.)
Rafbók – Hljóðbók ³	Höfundur. (Ártal). Titill. Útgefandi. Vefslóð (eða DOI ef við á) Einar Már Guðmundsson. (2020). <i>Ljóð 1980–1995</i> [rafbók]. Forlagið.	(Einar Már Guðmundsson, 2020)
Kaflí í ritstýrðri bók Höfundar getið	Höfundur. (Ártal). Titill kafla. Í Nafn ritstjóra (ritstj.), Titill rits (blaðsíður kafla). Ritstöð. Útgefandi. Árni Sigurjónsson. (1993). Mælskulist Halldórs Laxness. Í Elín Bára Magnúsdóttir og Úlfar Bragason (ritstj.), <i>Halldórsstefna : 12.–14. júní 1992</i> (bls. 66–80). Rit Stofnunar Sigurðar Nordals. Stofnun Sigurðar Nordals.	(Árni Sigurjónsson, 1993)
Ritstýrð bók Ritstjóri/-ar	Ritstjóri/-ar (ritstj.). (Ártal). Titill bókar. Ritstöð. Útgefandi. Vefslóð ef við á Elín Bára Magnúsdóttir og Úlfar Bragason (ritstj.) (1993). <i>Halldórsstefna : 12.–14. júní 1992</i> . Rit Stofnunar Sigurðar Nordals. Stofnun Sigurðar Nordals.	(Elín Bára Magnúsdóttir og Úlfar Bragason, 1993)
Safnrit ⁴ Höfundar ekki getið	Umsjónarmaður útgáfu. (Ártal). Titill. Ritstöð. Útgefandi. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). <i>Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Almennur hluti</i> . Mennta- og menningarmálaráðuneyti.	(Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012)

² Þegar um er að ræða tvo höfunda skal skrá þá báða í heimildaskrá og í tilvísun inni í texta.

Þegar vitnað er í þrjá eða fleiri skal skrá þá alla í fyrsta sinn sem þeirra er getið en eftir það aðeins nafn fyrsta höfundar.

³ Ekki þarf að taka fram að um rafbók eða hljóðbók er að ræða ef útgáfan er sú sama og bók á prenti. Ef það er annað útgáfuár þarf að taka það fram [hljóðbók/rafbók].

⁴ Safnrit eru skráð á sama hátt og ritstýrðar bækur, hluti úr safnriti skráð eins og efni í ritstýrðum bókum.





Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Grein í tímariti Höfundar getið	Höfundur. (Ártal). Titill greinar. Titill tímarits, árgangur(tölublað), blaðsíðutal. ⁵ Kristján Árnason. (1993). Málfræðihugmyndir Sturlunga. <i>Íslenskt mál og almenn málfræði</i> , 15(1), 173–206. Þorsteinn Helgason. (1995). Hverjir voru Tyrkjaránsmenn? <i>Saga : Tímarit Sögufélagsins</i> , 33, 12–20.	(Kristján Árnason, 1993) (Þorsteinn Helgason, 1995)
Grein í tímariti Höfundar ekki getið	Titill greinar. (Ártal, dagsetning). Titill tímarits, árgangur(tölublað), blaðsíðutal. Verðlaunabærinn Stóri-Hamar. (1970, 13. september). <i>Lesbók Morgunblaðsins</i> , 45(36), 8. Tungumálið er veigamesta atriðið : Hugleiðingar hjúkrunarfræðinga af erlendum uppruna. (2021). <i>Tímarit hjúkrunarfræðinga</i> , 97(1), 32.	(Lesbók Morgunblaðsins, 1970) (Tímarit hjúkrunarfræðinga, 2021)
Rafræn grein í tímariti með DOI-númeri ⁶ (doi: kennitala tímaritsgreina (Digital Object Identifier))	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill. Titill tímarits, árgangur(tölublað), blaðsíðutal. DOI-númer Árelía Eyðís Guðmundsdóttir og Elín Blöndal. (2017, 14. desember). Stjórnun sérfræðinga : Fremstir meðal jafninga. <i>Stjórnmal & stjórnsýsla</i> , 2(13), 265–286. https://doi.org/10.13177/irpa.a.2017.13.2.5 Savery, D. C. (2020, nóvember). The Character Echo as a Symbol of the Absent Female Voice in Psychoanalytic Literatures. <i>The British Journal of Psychotherapy</i> , 36(4), 621–635. https://doi.org/10.1111/bjp.12598	(Árelía Eyðís Guðmundsdóttir og Elín Blöndal, 2017) (Savery, 2020)
Bæklingar Höfundar getið	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. Útgefandi. Dóra S. Gunnarsdóttir, Guðjón Gunnarsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Garðar Sverrisson. (2011). <i>Innra eftirlit</i> . MAST.	(Dóra S. Gunnarsdóttir o.fl., 2011)
Bæklingar Höfundar ekki getið	Titill greinar. (Ártal, dagsetning). Útgefandi. <i>Börn í bíl : Um öryggi barna í bíl</i> . (2016, júní). Samgöngustofa.	(Samgöngustofa, 2016)
Grein í dagblaði Höfundar getið	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. Titill dagblaðs, blaðsíðutal. Arnar Tómas Valgeirsson. (2020, 18. nóvember). Rafbílar hér fljótari að jafna kolefnissporið. <i>Fréttablaðið</i> , 6.	(Arnar Tómas Valgeirsson, 2020)
Grein í dagblaði Höfundar ekki getið	Titill greinar. (Ártal, dagsetning). Titill dagblaðs, blaðsíðutal. Robinson, L. (2002, 10. september). Simple solutions to address nursing labour shortage. <i>The Hamilton Spectator</i> , B4.	(Robinson, 2002)
Dagblaðsgrein á netinu Höfundar getið	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. Titill dagblaðs, blaðsíðutal (ef við á). Vefslóð Fámenn þjóð státar af gulli. (2021, 28. júlí). <i>Morgunblaðið</i> , 23.	(Morgunblaðið, 2021)
Dagblaðsgrein á netinu Höfundar getið	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. Titill dagblaðs, blaðsíðutal (ef við á). Vefslóð Stefán Ó. Jónsson. (2017, 9. júlí). Hugsanaflutningur mögulegur fyrr en okkur grunar. <i>Fréttablaðið</i> . http://www.visir.is/g/2017170709037/hugsanaflutningur-mogulegur-fyrr-en-okkur-grunar Vilhjálmur Árnason. (2021, 25. júní). Hlustum á hálendisfólkið. <i>Morgunblaðið</i> . https://www.mbl.is/mogginn/bladid/grein/1783724/	(Stefán Ó. Jónsson, 2017) (Vilhjálmur Árnason, 2021)
Dagblaðsgrein á netinu Höfundar ekki getið	Titill greinar. (Ártal, dagsetning). Titill dagblaðs, blaðsíðutal. Vefslóð Eru loftsteinar stærsta áskorun mannkyns? (2017, 1. júlí). <i>Mbl.is. Tækni & vísindi</i> . http://www.mbl.is/frettir/taekni/2017/07/01/eru_loftsteinar_stærsta_askorun_mannkyns/ Kína á tímamótum – heimurinn líka. (2012, 16. nóvember). <i>Morgunblaðið</i> . http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1444177/?item_num=15&searchid=c1b10fcfc57be75f8231a5919d61c32852630a51	(„Eru loftsteinar“, 2017) („Kína á tímamótum“, 2012)

⁵ Titill tímarits og númer árgangs eru skálettuð.

⁶ Greinar á tímarit.is eru ýmist skannaðar inn úr tímaritum eða dagblöðum og teljast þær sem prentaðar heimildir en ekki rafrænar heimildir. Ef greinin hefur DOI númer skal það fylgja. Sömu reglur gilda um skráningu á tímarit.is og skráningu tímarita eða dagblaða.





Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Skýrsla Höfundar getið	Höfundur/höfundar. (Ártal). Titill greinar. Útgefandi. Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Ólafur A. Jónsson. (2013). <i>Ástand friðlýstra svæða. (Yfirlit til umhverfisráðuneytisins).</i> Umhverfisstofnun.	(Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Ólafur A. Jónsson, 2013)
Skýrsla Höfundar ekki getið	Stofnun. (Ártal, dagsetning). Titill greinar. Útgefandi. (Vefslóð ef við á) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (2021, júní). <i>Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Ársrit 2020.</i> Stjórnarráð Íslands. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/Skjol---Frettatengt/Arsskyrsla_2020%20-%20Copy%20(1).pdf	(Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2021)
Útvarp Þáttur	Umsjónarmaður þáttar (starfsheiti). (Ártal, dagsetning). Titill [miðill]. Útgefandi. (Vefslóð ef við á) Gígja Hólmgeirsdóttir (dagskrárgerðarmaður). (2021, 20. júní). <i>Sunnudagssögur</i> [útvarpsþáttur]. RÚV–Rás 2.	(Gígja Hólmgeirsdóttir, 2021)
Útvarpsefni á netinu	Nöfn aðila sem standa að efninu standa s.s. handritshöfunda, fréttamanna, framleiðenda. (Dagsetning útsendingar). Titill þáttar [tegund efnis]. Vefslóð Gunnar Salvarsson. (2021, 26. júní). <i>Þítlatíminn 2</i> [útvarpsþáttur]. https://www.ruv.is/utvarp/spila/bitlatiminn-2/31719/9efrrh Hanna G. Sigurðardóttir og Leifur Hauksson (dagskrárgerðarmenn). (2014, 8. september). <i>Samfélagið : Umhverfismál</i> [útvarpsþáttur]. http://www.ruv.is/sarpurinn/samfelagid-umhverfismal/08092	(Gunnar Salvarsson, 2021) (Hanna G. Sigurðardóttir og Leifur Hauksson, 2014)
Hlaðvarp (Podcast)	Nöfn aðila sem standa að efninu, s.s. handritshöfunda, framleiðenda. (Dagsetning útsendingar). Titill hlaðvarps [hlaðvarp]. Nafn framleiðslufyrirtækis. Vefslóð Anna Marsibil Clausen. (2020, 18. júlí). <i>Ástarsögur – Hlaðvarp. Pétur og ítalska ástarjátningin</i> [hlaðvarp]. RÚV. https://www.ruv.is/utvarp/spila/astarsogur-hladvarp/30623/941cno Vedantam, S. (2015). <i>Hidden brain</i> [hlaðvarp]. NPR. https://www.npr.org/series/423302056/hidden-brain	(Anna Marsibil Clausen, 2020) (Vedantam, 2015)
Sjónvarp Viðtal	Viðmælandi. (Ártal, dagsetning). Umsjónarmaður (starfsheiti). Titill [miðill]. Útgefandi. (Vefslóð ef við á) Blinken, A. (2021, 19. maí). Birta Björnsdóttir (fréttamaður). <i>Viðtalið</i> [sjónvarpsþáttur]. RÚV–Sjónvarp.	(Blinken, 2021)
Vefheimild Höfundar getið	Höfundur eða stofnun sem höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill síðu. Heiti vefs. Vefslóð Jón Már Halldórsson. (2017, 10. mars). <i>Hvað geta froskdýr orðið gömul?</i> Vísindavefurinn. https://www.visindavefur.is/svar.php?id=73349 Sigurður Steinþórsson. (2021, 24. júní). <i>Hvaðan kemur vatnið sem veldur sprengingum í gígnum í Geldingadölum?</i> Vísindavefurinn. https://www.visindavefur.is/svar.php?id=81889	(Jón Már Halldórsson, 2017) (Sigurður Steinþórsson, 2021)
Vefheimild Höfundar ekki getið ⁷	Titill síðu. (Ártal, dagsetning). Heiti vefs. Vefslóð Íslensk erfðagreining. (e.d.). <i>Alzheimer</i> . https://www.decode.is/alzheimers/	(Íslensk erfðagreining, e.d.)
Alfræðisafn Wikipedia Heiti vefs skáletrað, <i>Wikipedia</i> er talin rafræn alfræðiorðabók en ekki vefur.	Titill. (Ártal, dagsetning). Heiti vefs. Vefslóð Covid-19. (2021, 25. maí). <i>Wikipedia</i> . https://is.wikipedia.org/w/index.php?title=COVID-19&oldid=1720483 Matarprjónar. (2021, 27. desember). <i>Wikipedia, frjálsa alfræðiritið</i> . https://is.wikipedia.org/wiki/Matarprj%C3%B3nar TikTok. (2020, 17. nóvember). <i>Wikipedia</i> . https://is.wikipedia.org/w/index.php?title=TikTok&oldid=1690782	(Covid-19, 2021) (Matarprjónar, 2021) (TikTok, 2020)

⁷ Titlar vefsíðna og efnis á vef eru skáletraðir ef öruggt er að vefsíðan innan þess vefs er heimildin.





Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Alfræðisafn Höfundar getið	Höfundur/stofnun. (Ártal, dagsetning). Titill. Í Nafn alfræðisafns. Vefslóð Mangels, A. (2021, 17. júní). Wonder Woman, fictional character. Í <i>Encyclopaedia Britannica Online</i> . https://www.britannica.com/topic/Wonder-Woman Waldman, M. R. (2019, 21. ágúst). Islamic world. Í <i>Encyclopaedia Britannica Online</i> . https://www.britannica.com/topic/Islamic-world	(Mangels, 2021) (Waldman, 2019)
Alfræðisafn Höfundar ekki getið	Titill. (Ártal, dagsetning). Í Encyclopaedia Britannica Online. Vefslóð Electric power, physics. (1998, 20 júlí). <i>Encyclopaedia Britannica Online</i> . https://www.britannica.com/technology/electric-power	(„Electric power, physics”, 1998)
Vefsíða stofnunar Höfundur er oft hópur innan stofnunar eða fyrirtækis.	Höfundur/Stofnun. (Ártal, dagsetning). Titill síðu. Vefslóð Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). <i>Hvítbók um umbætur í menntamálum</i> . https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf Reykjavíkurborg. (2019, 26. september). <i>Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar</i> . https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/jafnlaunastefna.pdf Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, Hildur Björk Sigbjörnsdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson. (2021, maí). <i>Ójöfnuður í heilsu á Íslandi. Ástæður og árangursríkar aðgerðir til úrbóta. Greining á gögnum rannsóknarinnar. Heilsa og líðan Íslendinga</i> . https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item46225/Ojofnudur_i_heilsu_LOK.pdf?fbclid=IwAR2-d2NFRvEqbDCmV8pvJi207EURNEynEZyLsv9XGS0Ho-U_X7UrDAn_Vvo	(Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014) (Reykjavíkurborg, 2019) (Sigríður Haraldsd. Elínardóttir o.fl., 2021)
Hljóðupptaka Geisladiskur	Höfundur. (Ártal). Titill [miðill]. Útgefandi. Ásgeir Trausti Einarsson. (2014). <i>Dýrð í dauðapögn</i> [geisladiskur]. Sena.	(Ásgeir Trausti Einarsson, 2014)
Hljóðupptaka Mynddiskur	Höfundur. (Ártal). Titill [miðill]. Útgefandi. Lára Ómarsdóttir. (2015). <i>Eldgosið í Holuhrauni</i> [mynddiskur]. Fréttastofa RÚV.	(Lára Ómarsdóttir, 2015)
Myndefni Kvikmynd	Höfundur, nafn leikstjóra og/eða framleiðanda (starfsheiti). (Ártal). Titill [miðill]. Útgefandi. Conners, N., Petersen, L. C., Castleberry, C., Gerbheer, B., DiCaprio, L., In Scalia, P., Beintus, J.-P., ... Warner Home Video (Firm). (2008). <i>The 11th hour</i> [heimildamynd]. Warner Home Video.	(Conners o.fl., 2008)
Tölfræðisöfn Hagstofan, OECD o.fl. Höfundur er oft hópur innan stofnunar eða fyrirtækis	Höfundur. (Ártal). Titill gagnasetts, töflu, línurits, myndar [tegund tölfræði; tafla, línurit, mynd, gagnasett, óútgefin gögn ...]. Vefslóð (eða DOI) Hagstofa Íslands. (2021). <i>Vinnuafli, starfandi, atvinnulausir og vinnustundir 2006–2021</i> [tafla]. http://hagstofa.is/ OECD. (2021). <i>Employment situation. OECD, fourth quarter 2020</i> [línurit]. https://www.oecd.org/sdd/labour-stats/employment-situation-oecd-fourth-quarter-2020.htm	(Hagstofa Íslands, 2021) (OECD, 2021)
Lög og reglugerðir	Titill (nafn laga/reglugerðar) nr. (Ártal). Vefslóð á althingi.is Upplýsingalög nr. 50. (1996). https://www.althingi.is/lagas/144b/1996050.html Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90. (2018). https://www.althingi.is/altext/stjt/2018.090.html	(Upplýsingalög nr. 50, 1996) (Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90, 2018)





Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Dómar Samkvæmt APA á að skálettra titil dóms í tilvísun, ekki í heimildaskrá.	Málsaðilar. (Ártal, dagsetning). Dómstig í máli númer máls. Vefslóð Hróbjartur Jónatansson g. Íslenska ríkinu. (2021, 21. júní). Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-7989/2020. https://www.heradsdomstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=bb448c76-582b-452f-af6f-18c3f4af2cf2	(Hróbjartur Jónatansson g. Íslenska ríkinu, 2021)
Ráðstefna Fyrirlestur	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill [tegund]. Heiti ráðstefnu. Staður. Vefslóð (eða DOI) Óli Gneisti Sóleyjarson. (2013, 5. apríl). <i>Rafrænn prófarkalestur</i> [fyrirlestur]. Í skýjunum. 3f – Félag um upplýsingatækni og menntun. Háskólinn í Reykjavík. https://www.youtube.com/watch?v=H-HD0rWtfps	(Óli Gneisti Sóleyjarson, 2013)
TED fyrirlestur	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill [tegund]. TED fyrirlestur. Vefslóð Crowley, A. (2020, október). <i>Language around gender and identity evolves (and always has)</i> [myndskeið]. TED fyrirlestur. https://www.ted.com/talks/archie_crowley_language_around_gender_and_identity_evolves_and_always_has Wallace-Wells, D. (2019, 21. september). <i>How we could change the planet's climate future</i> . [myndskeið]. TED fyrirlestur. https://www.ted.com/talks/david_wallace_wells_how_we_could_change_the_planet_s_climate_future	(Crowley, 2020) (Wallace-Wells, 2019)
YouTube – Myndskeið Höfundar getið	Höfundur [skjánafrn/notandanafrn]. (Ártal, dagsetning). Titill myndskeiðs [myndskeið]. YouTube. Vefslóð Geir Þ. Þórarinnsson. (2013, 11. janúar). <i>Hvað er siðferði? Og hvað er siðfræði?</i> [myndskeið]. Youtube. https://www.youtube.com/watch?v=WcZL4Umzgoc	(Geir Þ. Þórarinnsson, 2013)
YouTube – Myndskeið Höfundar ekki getið	Skjánafrn/notandanafrn. (Ártal, dagsetning). Titill myndskeiðs [myndskeið]. YouTube. Vefslóð Moodle. (2017, 15. maí). <i>Moodle 3.3 Overview</i> [myndskeið]. https://www.youtube.com/watch?v=zKD91RTMwK0 Son of Storm. (2021, 25. maí). <i>Hot Lava River from volcano in Geldingadalir 2021 Iceland</i> [myndskeið]. Youtube. https://www.youtube.com/watch?v=2tRogdK8TUc	(Moodle, 2017) (Son of Storm, 2021)
YouTube rás (Channel) Hér þarf að setja inn hvenær vefslóðin er sótt þar sem efnið kemur til með að breytast	Höfundur [skjánafrn/notandanafrn]. (Ártal, dagsetning). Titill [YouTube rás]. Sótt á vefslóð Stratvert, K. (e.d.) <i>Heim</i> [YouTube rás]. Sótt 28. júní 2021 á https://www.youtube.com/user/kevlars Íðan fræðslusetur. (e.d.). <i>Spilunarlistar</i> [YouTube rás]. Sótt 28. júní 2021 á https://www.youtube.com/user/idanfraedslusetur/playlists	(Stratvert, e.d.) (Íðan fræðslusetur, e.d.)
Kvikmyndir Þættir	Nafn leikstjóra og/eða framleiðanda (leikstjóri/framleiðandi/þáttastjórnandi/dagskrárgerðarmaður). (Ártal). Titill verks [kvikmynd, þáttur]. Nafn framleiðslufyrirtækis. Vefslóð (ef við á) Benedikt Erlingsson (leiksstjóri og handrit). (2018). <i>Kona fer í stríð</i> [kvikmynd]. Slot Machine, Gulldrengurinn ehf. https://viaplay.is/movies/kona-fer-i-strid-2018 Grímur Hákonarson (leikstjóri). (2015). <i>Hrútar</i> [kvikmynd]. Netop Films ehf. Guðný Halldórsdóttir (leikstjóri og handrit). (2009). <i>Íslenskt forystufé</i> . [heimildamynd]. Umbi sf.	(Benedikt Erlingsson, 2018) (Grímur Hákonarson, 2015) (Guðný Halldórsdóttir, 2009)
Facebook LinkedIn Tumblr	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Fyrstu 20 orðin í færslu [tegund]. Heiti vefs. Vefslóð Ingvar Ágúst Ingvarsson. (2017, 22. mars). <i>Microsoft Teams er núna komið inn sem hluti af Office 365 skólaáskriftinni. Þeir sem eru stjórnendur í Office 365 umhverfinu</i> [stöðuuppfærsla]. Facebook. https://www.facebook.com/photo.php?fbid=10212092334041178&set=gm.1684236195210299&type=3&theater	(Ingvar Ágúst Ingvarsson, 2017)





Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Twitter	Höfundur [@notendanafn]. (Ártal, dagsetning). Fyrstu 20 orðin í tísti [tegund]. Twitter. Vefslóð Háskóli Íslands [@Haskoli_Islands]. (2021, 16. júní). <i>Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, opnaði Lexíu, nýja íslensk-franska veforðabók, við hátíðlega athöfn í Veröld – húsi Vigdísar í dag að</i> [stöðuuppfærsla]. Twitter. https://twitter.com/Haskoli_Islands/status/1405511204517318657 Early Learning Network – ISTE [@ELN_ISTE]. (2021, 28. júní). "We need to move from 'preparing' young people for the future to cultivating young people to 'shape' their futures." – @laura_mcbain [áföst mynd] [stöðufærsla]. Twitter. https://twitter.com/iste/status/1409556689653669902	(Háskóli Íslands, 2021) (Early Learning Network – ISTE, 2021)
Instagram	Höfundur [@notendanafn]. (Ártal, dagsetning). Fyrstu 20 orðin í færslu [tegund]. Instagram. Vefslóð Microsoft Education [@microsoftedu]. (2021, 25. júní). <i>4 big updates to Assignments in Microsoft Teams</i> [myndir]. Instagram. https://www.instagram.com/p/CQhHPmIMvsl/ Háskóli Íslands [@haskoli_islands]. (2021, 21. júní). <i>Elsku kandidatar! Við vonum svo sannarlega að þið hafið notið útskriftardagsins og helgarinnar allrar. Innilega til hamingju með glæsilegan árangur og gangi</i> [stöðuuppfærsla]. https://www.instagram.com/p/CQZBkvMAG8N/	(Microsoft Education, 2021) (Háskóli Íslands, 2021)
TikTok myndskaið	Höfundur [@notendanafn]. (Ártal, dagsetning). Fyrstu 20 orðin í færslu [tegund]. TikTok. Vefslóð That Icelandic Guy [@that.icelandic.guy]. (2021). <i>What I really mean when I say that I'm from Iceland #iceland #travel #icelandic #icelandtravel #adventure</i> [myndskaið]. TikTok. https://www.tiktok.com/@that.icelandic.guy/video/6946518523959201030?is_copy_url=0&is_from_webapp=v1&sender_device=pc&sender_web_id=6956980187536852486	(That Icelandic Guy, 2021)
Blogg	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill færslu [bloggfærsla]. Titill vefs. Vefslóð Daníel Traustason. (2016, 15. desember). 500 Mb/s hraði um ljósleiðara á Norðurlandi [bloggfærsla]. Vodafone. https://vodafone.is/vodafone/fjolmidlartorg/blogg/blogg/2016/12/15/500-Mb-s-hradi-um-ljosleidara-a-Nordurlandi/	(Daníel Traustason, 2016)
Myndir af netinu Höfundar getið	Höfundur. (Ártal). Titill myndar [tegund myndefnis]. Titill vefs sem myndin tilheyrir. Vefslóð Raffaele P. (e.d.). <i>Digital skills have the same importance as English and Maths</i> [stafræn mynd]. Digital literacy. http://www.digitalmeetsculture.net/article/digital-skills-should-have-the-same-importance-in-schools-as-english-and-maths-uk-report-says/	(Raffaele, e.d., mynd 1)
Myndir af netinu Höfundar ekki getið	Titill myndar. [tegund myndefnis]. (Ártal). Titill vefs sem myndin tilheyrir. Vefslóð Information and Media Literacy [myndskaið]. (e.d.). <i>Thoughtful Learning</i>. https://k12.thoughtfullearning.com/videos/information-and-media-literacy	(Information and Media Literacy, e.d.)
Námsritgerðir í gagnagrunni	Höfundur. (Ártal). Titill [nánari upplýsingar um ritgerð, Nafn háskóla]. Nafn á safni. Vefslóð Tómas Leifsson. (2017). <i>Gagnrýnin hugsun og efling hennar í námi</i> [meistaritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. http://hdl.handle.net/1946/26740 Kristín Bragadóttir. (2017). <i>Íslenskar bækur erlendis : bókasöfnun Willards Fiskes (1831–1904)</i> [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. https://hdl.handle.net/20.500.11815/350	(Tómas Leifsson, 2017) (Kristín Bragadóttir, 2017)
Námsritgerðir ekki í gagnagrunni	Höfundur. (Ártal, dagsetning). Titill [nánari upplýsingar um ritgerð]. Nafn háskóla. Jón Ingvar Kjaran. (2014, 3. júní). <i>Queering the Icelandic upper secondary schools : heteronormative discourse and the experiences of queer students in Icelandic upper secondary schools</i> [doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.	(Jón Ingvar Kjaran, 2014)





Heimild	Skráning heimildar	Tilvísun í heimild
Munnlegar heimildir	Munnlegar heimildir eru eingöngu skráðar í tilvísunum, ekki í heimildaskrána sjálfa, þar sem heimildin er oftast óbirt og ekki aðgengileg. Í tilvísun skal þá skráð nafn þess sem vitnað er í og eins nákvæma dagsetningu og möguleiki er á. Munnlegar heimildir geta verið gögn sem viðkomandi hefur ekki aðgang að, t.d. símtöl, viðtöl, netspjall, tölvupóstur, upplýsingar úr fyrirlesturum o.fl.	Hluti af upplýsingatækni er að geta nýtt föll í tölfræði og framsetning tölulegra gagna. (Anna Albertsdóttir, munnleg heimild, 28. júní 2021)
Gervigreind – ChatGPT⁸	Höfundur. (Ártal). Titill hugbúnaðar (útgáfa) [tegund]. Vefslóð Á íslensku: OpenAI. (2023). <i>ChatGPT</i> (14. mar. útgáfa) [Risamállíkan]. https://chat.openai.com/chat Á ensku: OpenAI. (2023). <i>ChatGPT</i> (Mar 14 version) [Large language model]. https://chat.openai.com/chat	(OpenAI, 2023) (OpenAI, 2023)

⁸ Texti frá ChatGPT kemur ekki frá manneskju og telst því ekki munnleg heimild og er hún því skráð eins og fyrir hugbúnað.



Skammstafanir

Skammstafanir	Á íslensku	Á ensku	Hvenær notað?
og	og	& (ekki and)	Á milli höfunda
blaðsíða/ur	bls.	p/pp	pp ef fleiri en ein blaðsíða
engin dagsetning	e.d.	n.d.	
án ártals	á.á.	n.d.	
og fleiri	o.fl.	et al. (et alii úr latínu)	Ef vísað er í þrjá eða fleiri höfunda á að nota o.fl.
ritstjóri eða ritstjórar	ritstj.	Ed./Eds.	
útgáfa	útg.	ed.	
þýðandi eða þýðendur	þýð.	Trans.	

Skráning heimilda í forritum, t.d. Word, Zotero o.fl.

Athugið vel að ef notast er við skráningu heimilda í þar til gerðum forritum, t.d. í Word eða Zotero, getur þurft að aðlagja það hvernig heimildin er skráð inn. Einnig þarf að skoða vel hvort niðurstaðan samræmist APA-staðlinum.

Tilvísanir

Tilvísun í heimildaverkefnum vísar til heimildar sem er skráð í heimildaskrá. Í tilvísun er tekið fram nafn höfundar og ártal innan sviga.

Beinar og óbeinar tilvitnanir

Bein tilvitnun er þegar texti er tekinn orðréttur úr heimild og verður þá að geta höfundar, útgáfuárs og blaðsíðutals. Ef bein tilvitnun er innan við 40 orð er hún innan gæsalappa og felld inn í texta. Ef hún er lengri en 40 orð eru ekki gæslappir heldur texti inndreginn beggja megin og smærra letur. Muna að alltaf þarf að setja inn blaðsíðutal þegar um beina tilvitnun er að ræða.

Óbein tilvitnun. Ekki er ráðlegt að nota mikið af beinum tilvitnunum heldur umorða og vitna þannig óbeint í textann. (Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2007)

DOI (Digital Object Identifier)

DOI (Digital Object Identifier) er kennitala tímaritsgreina/efnis á vefnum og þarf því ekki að taka fram sérstaklega að um rafræna útgáfu sé að ræða.

Frumheimildir (Primary Sources)

Það sem allar frumheimildir eiga sameiginlegt er að þær verða til á því tímabili sem verið er að fjalla um. Frumheimild er því heimild þar sem fyrst er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar, sett fram lýsing, hugmynd

eða kenning eða sú heimild sem stendur næst atburði. Algengastar eru ritheimildir, til dæmis lög, skýrslur, bréf, dagbækur, sjálfsævisögur, tilskipanir, dagblöð og dómasöfn, en aðrar frumheimildir geta verið bókstaflega hvað sem er. (Anna Agnarsdóttir, 2013, 21. júní)

Afleiddar heimildir/eftirheimildir (Secondary Sources)

Þær heimildir sem ekki eru frumheimildir eru afleiddar, t.d. fræðirit, bækur, yfirlitsrit og kennslubækur.



Heimildaskrá

American Psychological Association. (2020). *Publication Manual of the American Psychological Association* (7th ed.). <https://doi.org/10.1037/0000165-000>

Anna Agnarsdóttir. (2013, 21. júní). *Hver er munurinn á frumheimild og eftirheimild og hvernig beita sagnfræðingar þessum hugtökum?* Vísindavefurinn. <http://visindavefur.is/svar.php?id=64750>

APA Citation Examples. (2023). *Cite in APA Automatically with BibMe*. <http://www.bibme.org/citation-guide/apa/>

Friðrik H. Jónsson og Sigurður H. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4. útg.). Háskólaútgáfan.

